

HAFNARFJARÐARBÆR

**Umhverfis- og
skipulagsþjónusta**



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

17. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum,
þann 30. maí 2017 kl. 17:15.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI	
Helga B Arnardóttir	HBA	
Friðþjófur H Karlsson	FHK	forföll
Samúel Guðmundsson	SG	
Þorgeir Haraldsson	ÞH	
Ingimar Haraldsson	IH	var ekki (er varamaður)

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri -
Geir Bjarnason	GB	íþróttafulltrúi
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. **Verkstaða framkvæmda.** SH fór yfir stöðu framkvæmda við íþrótt- og kennsluhúsnæðið. Framkvæmdir ganga vel. Steypa íþróttasalar lýkur í júní, tengibyggingar verða steypar í júlí, sperrur koma um miðjan júlí og þak verður sett á húsið í ágúst. Einhverjar fyrirspurnir eru í afgreiðslu hjá hönnuðum og eftirlitsmanni.
2. **Bréf Hauka til Hafnarfjarðarbæjar.**
Farið yfir bréf Haukanna dagsett 12. desember 2016 þar sem óskað er eftir því að Hafnarfjarðarbær fjármagni alfarið framkvæmdina við íþrótt- og kennsluhúsnæðið. Hönnunarkostnaður sem Haukar hafa lagt til verksins er 12.783.670 kr. Annar kostnaður loftræstissamstæður 11.500.000 kr.

Áætlaður kostnaður vegna raforkuvirkis, lampar 5.000.000 kr og áætlaður kostnaður vegna vinnu við parkett 18.792.480 kr. Umræður var um málið og var þessum lið frestað.
3. **Eignaskiptasamingur.**
Er í vinnslu, ákvörðun liðar á undan hefur tafið málið.

4. Þreksalur/lyftingarsalur.

Framkvæmdum er lokið vegna salarins. Skoða þarf hljóðvist vegna salarins sérstaklega.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 13. júní kl. 17:20 að Ásvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30